

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 400/1993.

Örn Úlfar Andrésson

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Einari S. Svavarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Verksamningur. Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1993. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Fyrsta varakrafa er um sýknu af kröfum stefnda, en önnur varakrafa, að honum verði aðeins gert að greiða 706.790 krónur. Í þessum tilvikum krefst áfrýjandi þess, að stefndi greiði sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Prautavarakrafa er, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla. Loks krefst áfrýjandi þess, að viðurkennd verði skuldajafnaðarkrafa sín, að fjárhæð 840.000 krónur.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, krefst stefndi greiðslu úr hendi áfrýjanda samkvæmt reikningi, er hann samdi að loknu verki við jarðvinnu í húsgrunni við Stuðlaháls hér í borg. Í héraði bar áfrýjandi meðal annars fram þá málsástæðu, að magntölur frá stefnda væru ekki réttar. Lagði áfrýjandi sjálfur fram uppgjörslað frá verkfræðistofu, sem hann kveður sýna réttar magntölur. Héraðsdómari tók ekki afstöðu til þessarar málsástæðu. Telja verður, að við úrlausn þessa ágreiningsefnis sé þörf á sérkunnáttu. Héraðsdómari nýtti sér ekki heimild 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að kveðja til setu í dóminum meðdómsmenn, svo sem rétt hefði verið. Ber því, eins og máli þessu er háttað, að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð frá og með aðalmeðferð í þinghaldi 14. júní 1993 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 14. júní 1993 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
